

Mánudaginn 30. júnímán.

Nr. 8/1884

Andreas Jespersen

gegn

Guðríði Þorvaldsdóttur.

## D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp á lögregluþingi í Reykjavíkurkaupstað 17. janúar þ. á., var gestgjafi Andreas Jespersen dæmdur til að greiða Guðríði Þorvaldsdóttur umsamið kaup fyrir þann tíma vistarársins, er hún átti eptir, þegar hún fór frá honum í nóvembermanuði f. á., og enn fremur  $6\frac{2}{3}$  álnar fyrir hvern mánuð þritugnættan af sama tíma. Svo var hann og dæmdur í 20 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykjavíkurkaupstaðar fyrir að hafa barið Guðríði, og loks til að greiða henni málskostnað með 12 krónum.

Þessum dómi hefur Jespersen skotið til yfirdómsins með stefnu 20. febr. þ. á., og krafizt fyrst og fremst, að dómur undirrjettarins verði, að því er snertir hið umsamda kaup, dæmdur ómerkur, en áfrýjandinn dæmdur til að borga hinni stefndu hjer fyrir rjettinum matarverð  $6\frac{2}{3}$  áln. fyrir hvern mánuð frá 18. nóvbr. f. á. til 14. maí þ. á., en verði að öðru leyti sýknaður fyrir kærnum og kröfum hinnar stefndu, en til vara, að áfrýjandinn verði dæmdur til að borga hinni stefndu matarverð samkvæmt áður sögðu, en verði að öðru leyti sýknaður fyrir kærnum og kröfum hinnar stefndu. Svo hefur hann og krafizt, að hin stefnda verði dæmd til að lúka honum málskostnaði fyrir báðum rjettum eptir mati yfirdómsins.

Á hinn bóginn hefur hin stefnda krafizt, að dómur undirrettarins verði staðfestur, og áfrýjandi dæmdur til að greiða henni málskostnað fyrir yfirdómi eptir mati rjettarins.

Það er viðurkennt í málinu, að áfrýjandi hefur snoppungað hina stefndu, sem var vistráðið hjú hans síðastliðið krossmessuár, og dróttað að henni óhlutvendni; fór hún því úr vistinni. Þetta var henni heimilt eptir 29. gr. hjúalaganna 26. jan. 1866, því ekki er sönnuð upp á hana nein óhlutvendni, en hún virðist, að því fram er komið, svo gömul, að ekki verður beitt húsaga við hana. Áfrýjandi getur því ekki komizt hjá að greiða henni kaup fyrir þann tíma af vistarárinu, sem eptir var, þegar hin stefnda fór úr vistinni, eða frá 18. nóv. 1883 til 14. maí þ. á., og skal upphæð launanna, sem ekki hefur sannazt neitt um undir málinu, vera eptir því, sem venjulegt er hjer í Reykjavík og eins og 2 óvilhallir dómkvaddir menn meta. Um matarverðið skal hinum áfrýjaða lögregluþingsdómi óraskað, þó þannig, að það reiknist frá 18. nóvbr. f. á. til 14. maí þ. á. Um sekt og málskostnað á lögregluþingsdómurinn einnig að vera óraskaður.

Samkvæmt þessum úrslitum ber áfrýjanda einnig að greiða hinni stefndu málskostnað fyrir yfirdómi, sem ákveðast 10 kr.

Því dæmist rjett að vera:

Áfrýjandi þessa máls, gestgjafi Andreas Jespersen, á að greiða hinni stefndu, Guðríði Þorvaldsdóttur, vinnukonukaup frá 18. nóvbr. 1883 til 14. maí 1884 með þeirri upphæð, sem venjulegur

er í Reykjavík og 2 óvilhallir dómkvaddir menn meta. Um matarverðið, sem reiknast frá 18. nóvbr. 1883 til 14. maí 1884, sekt og málskostnað, skal lögregluþingsdóminum óraskað. Málskostnað fyrir yfirdómi greiði áfrýjandi hinni stefndu með 10 kr.

Dóminum að fullnægja innan 8 vikna frá því hann er löglega birtur undir aðför að lögum.

Mánudaginn 28. júlímán.

Nr. 23/1884

Jón Jónsson

gegn

Ole Joh. Halldórsen.

#### D ó m u r :

Með dómi, sem kveðinn var upp á bæjarþingi Reykjavíkur 13. desbr. f. á. í máli, sem Jón kaupmaður Jónsson hafði höfðað gegn Ole Joh. Halldórsen út af skuld, er Jón þóttist eiga hjá Ole Halldórsen, var Ole Halldórsen dæmdur sýkn af kærnum og kröfum Jóns kaupmanns Jónssonar, en málskostnaður látinn falla niður.

Þessum dómi hefur Jón Jónsson kaupmaður áfrýjað til yfirdómsins með stefnu, dagsettri 12. maímán. þ. á., og krafist, að hinn stefndi, Ole Halldórsen, verði dæmdur til að greiða sjer 127 kr. 32 aura með 5% ársvöxtum frá sáttakærudegi, 24. okt. 1883, þangað til þessu fje er að fullu lokið, og allan málskostnað bæði fyrir undir- og yfirdómi með 50 kr. eða einhverju nægilegu eptir mati rjettarins.

Á hinn bóginn hefur hinn stefndi, Ole Joh. Hall-